

**ERINDISBRÉF  
FYRIR  
FÉLAGSMÁLANEFND  
EYJAFJARÐARSVEITAR**

**I. kafli.  
Skipan nefndarinnar og hlutverk.**

**1. gr.**

Félagsmálanefnd er skipuð af sveitarstjórn til fjögurra ára að afloknum bæjar- og sveitarstjórnakosningum. Nefndin fer í umboði sveitarstjórnar með málefni félagsþjónustu í sveitarfélaginu, málefni fatlaðra, málefni aldraðra, vímuvarnir, málefni barna og unglunga önnur, en þau sem falin eru barnaverndarnefnd, húsnæðismál og jafnréttismál.

**2. gr.**

Félagsmálanefnd er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Auk kjörinna fulltrúa hefur sveitarstjóri rétt til að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Oddviti sveitarstjórnar boðar nefndina saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nema lög eða sveitarstjórn ákveði annað. Ef formaður fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega getur sveitarstjórn ákveðið hvort varaformaður tekur við formennsku í nefndinni eða velur annan í það hlutverk.

**3. gr.**

Helstu verkefni félagsmálanefndar eru eftirfarandi:

- a. Að gera tillögu að stefnumótun sveitarstjórnar á sviði félagsþjónustunnar og þeim málaflokkum, sem um er getið í 1. gr. og vera sveitarstjórn til ráðuneytis í þessum málaflokkum.
- b. Að hafa eftirlit með að stefnu og markmiðum sveitarstjórnar í þessum málaflokkum sbr. a lið.
- c. Að fylgjast með að íbúar sveitarfélagsins eigi aðgang að lögboðinni félagsþjónustu sbr. lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga m. s. b., s. s. félagslegri heimaþjónustu, félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð o. s. frv.
- d. Að fylgjast með að fatlaðir eigi kost á þeirri þjónustu, sem ákvæði eru um í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, og sveitarfélögum ber að sinna.
- e. Að fylgjast með málefnum aldraðra og að þeir eigi kost á þeirri þjónustu, sem ákvæði eru um í lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og eru á ábyrgð sveitarfélaga.
- f. Að veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum og hafa eftirlit með slíkri starfsemi.
- g. Að vera ráðgefandi um samninga við önnur sveitarfélög um félagsþjónustu þegar um slíka samninga er að ræða og fylgjast með framkvæmd þeirra.
- h. Að fylgjast með húsnæðismálum og fara með samræmingu þeirra í sveitarfélaginu sbr. 6. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998.

- i. Að fylgjast með og hafa umsjón með jafnréttismálum sbr. 12. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
- j. Að fylgjast með málefnum barna og unglinga.
- k. Að hafa frumkvæði að aðgerðum á sviði vímuefnavarna og aðstoð við áfengissjúka og aðra vímuefnaneytendur.
- l. Að hafa umsjón með rekstri vinnuskóla fyrir unglinga
- m. Að gera tillögur að verklagsreglum um meðferð og afgreiðslu einstakra mála sem slík ákvæði eru um í lögum eða reglugerðum eða nefndinni þykir ástæða til að settar séu.
- n. Að gera tillögu að gjaldskrá fyrir þá þjónustu, sem undir nefndina heyra.
- o. Að annast önnur verkefni á sviði félagsþjónustunnar eftir því sem sveitarstjórn ákveður eða lög mæla fyrir um.

#### **4. gr.**

Félagsmálanefnd skal hafa það að markmiði í störfum sínum að tryggja félagslegt öryggi íbúanna og stuðla að velferð þeirra eftir því sem í hennar valdi stendur. Allar aðgerðir og aðstoð við einstaklinga skal miða við “hjálp til sjálfshjálpar” og að koma í veg fyrir félagsleg vandamál. Nefndin skal reyna með kerfisbundnum hætti að afla sér upplýsinga um félagslegar þarfir íbúanna og setja fram tillögur og áætlanir um þróun og starfshætti félagsþjónustunnar á grundvelli þeirra upplýsinga.

#### **5. gr.**

Félagsmálanefnd skal fylgjast með fjárhagslegri afkomu þess rekstrar, sem hún hefur umsjón með. Hún skal a. m. k. fjórða hvern mánuð afla sér upplýsinga um rekstrarstöðu hvers viðfangsefnis og leita skýringa á frávikum frá fjárhagsáætlun ef um þau er að ræða.

### **II. kafli**

#### **Fundir nefndarinnar og starfshættir.**

#### **6. gr.**

Fundir í félagsmálanefnd skulu haldnir þegar efni liggur fyrir til umfjöllunar en þó ekki sjaldnar en 4 sinnum á ári. Skyld er að boða fund ef meirihluti nefndarmanna æskir þess.

#### **7. gr.**

Formaður boðar fund og stýrir honum. Formaður skal ávallt hafa samráð við sveitarstjóra um boðun fundar og kynna honum efni hans. Fundur telst löglega boðaður ef til hans er boðað með minnst tveggja sólahringa fyrirvara. Fundir nefndarinnar skulu að öllu jöfnu boðaðir með skriflegri dagskrá og skal dagskránni fylgja afrit erinda eða annarra skriflegra gagna, sem tengjast dagskrárliðum fundarins. Fundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur og ræður afl atkvæða afgreiðslu mála. Falli atkvæði að jöfnu telst mál fallið.

## **8. gr.**

Fundir félagsmálanefndar skulu skráðir í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskráðir. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum, sem gilda um skráningu fundargerða sveitarstjórnar sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar. Fundargerðarbók og öll bréf, erindi, skýrslur og skjöl, sem snerta starf nefndarinnar, skulu varðveitt á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Þegar mál varðar einstakling skal skrá afgreiðslu þess í sérstaka trúnaðarmálabók, sem vera skal í vörslu nefndarinnar. Fulltrúar í sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra hafa óheftan aðgang að öllum gögnum nefndarinnar nema lög ákveði annað.

## **9. gr.**

Ákvarðanir sem nefndin tekur um málefni einstaklinga eða fjölskyldna s. s. fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu o. fl. eru trúnaðarmál, sem ekki þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar. Sveitarstjórn er þó rétt og skylt að setja nefndinni reglur um meðferð og afgreiðslu mála er undir þessa grein falla. Félagsmálanefnd getur falið sveitarstjóra að afgreiða umsóknir um félagslega heimaþjónustu og liðveislu án þess að þær komi til afgreiðslu nefndarinnar.

## **10. gr.**

Þagnarskylda er lögð á herðar þeim sem vegna starfa sinna í félagsmálanefnd hafa fengið upplýsingar um mál, sem ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli þeirra eða lögum, hvort sem þau varða einkahagi fólks eða almannahagsmuni. Nefndarmenn skulu undirrita drengskaparheit um þagnarskyldu sína. Þagnarskylda helst áfram þótt nefndarmenn hætti störfum.

## **11. gr.**

Nefndin skal fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert hafa skilað til sveitarstjórnar ársskýrslu um störf sín á nýliðnu ári. Sveitarstjórn getur sett nefndum sveitarfélagsins samræmdar reglur um efnistöð og niðurröðun efnis í ársskýrslu.

## **12. gr.**

Félagsmálanefnd leitast við að haga störfum sínum á hverjum tíma í samræmi við stefnu sveitarstjórnar í málaflokknum og þann fjárhagsramma, sem honum er settur. Þá skal hún leitast við að haga störfum sínum þannig að ákvarðanir hennar nýtist í þágu sem flestra íbúa sveitarfélagsins en nefndarmenn eru þó ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglugerðum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar í atkvæðagreiðslu á fundum nefndarinnar.

## **III. kafli.** **Eftirfylgni.**

## **13. gr.**

Til að fylgja eftir staðfestum ályktunum eða samþykktum nefndarinnar skal formaður snúa sér til sveitarstjóra. Þurfi frekari eftirfylgni snýr formaður sér til sveitarstjórnar.

**IV. kafli.**  
**Réttindi og skyldur nefndarfulltrúa.**

**14. gr.**

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda eftir því sem við á ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði. Samþykktina má finna á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar og lög á vef Alþingis.

**15. gr.**

Fulltrúar í félagsmálanefnd skulu kynna sér þau lög og þær reglugerðir sem gilda um þá málaflokka, sem undir nefndina heyra og samþykktir og reglur sem sveitarstjórn hefur sett. Það á einnig við um samninga og/eða samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitar. Í þessu samhengi er m.a. bent á eftirfarandi:

- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
- Lög um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992.
- Lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999.
- Lög um húsnæðismál, nr. 44/1998.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008.
- Barnalög, nr. 76/2003.
- Barnaverndarlög, nr. 80/2002.
- Lög um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.
- Reglugerðir útgefnar með heimild í fyrrnefndum lögum.
- Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, nr. 907/2005.
- Reglur og samþykktir sveitarstjórnar.
- Samninga Eyjafjarðarsveitar við Akureyrarbæ um ráðgjafarþjónustu, sameiginlega barnaverndarnefnd og vistun á öldrunarstofnunum.

Þá er nefndum sveitarfélagsins skylt og rétt að eiga með sér samstarf um verkefni, sem kunna að skarast með einhverjum hætti eða málefni gefur að öðru leyti tilefni til.

**V. kafli.**  
**Gildistaka.**

**16. gr.**

Erindisbréf þetta, sem byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Eyjafjarðarsveitar, var afgreitt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 10. maí 2017 til að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi fallið erindisbréf fyrir félagsmálanefnd Eyjafjarðarsveitar frá 23. júní 2003.

Skólatröð 9, 10. maí 2017  
sveitarstjórinn í Eyjafjarðarsveit